

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Þverárþings.

1. gr.

Búnaðarfélag, er að samþykkt þessari standa eru: Búnaðarfélag Hvítársíðuhrepps, Búnaðarfélag Þverárhliðarhrepps, Búnaðarfélag Norðurárdalshrepps og Búnaðarfélag Stafholtstungnahrepps, í Mýrasýslu.

2. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út stórvirkar ræktunarvélar, svo sem beltatraktora með viðeigandi verkfærum.

3. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa 4 menn, kosnir af aðalfundi ræktunarsambandsins til tveggja ára í senn og jafnmargir til vara. Stjórnarnefndarmenn skulu vera búsettir sinn í hverjum hreppi. Verði ágreiningur innan stjórnarinnar, sker formaður úr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Þar skulu eiga sæti og atkvæðisrétt sem fulltrúar búnaðarfélaga þeirra, er að samþykkt standa, allir stjórnarnefndarmenn allra búnaðarfélaga á sambandssvæðinu, en opinn skal fundurinn öllum meðlimum búnaðarfélaganna. Á fundinum liggi fyrir vinnubeiðnir ársins. Skulu þær ganga fyrir þeim beiðnum, er síðar berast. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar ræktunarsambandsins, enda kýs fundurinn tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn og einn til vara. Að öðru leyti annast fundurinn öll venjuleg störf lögmeets aðalfundar.

5. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 500 000.00. Stofnfjár skal aflað þannig:

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt standa, leggja fram sem óafturkræft framlag $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins. Fjórða hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, ef þörf krefur.

Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum þeim, sem jarðræktarsambandið kaupir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renna þau framlög í stofnsjóð jafnóðum og framlög eru greidd.

6. gr.

Um starfsemi og félagshætti alla gilda, að öðru leyti en því sem fyrir er mælt í 1.—5. gr. samþykktar þessarar, ákvæði laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar-samþykktir, og reglugerðar nr. 36 frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir.

7. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi, er hún hefur verið samþykkt af eftirtöldum aðilum:

1. fundum búnaðarfélaga þeirra, er að samþykkt standa samkv. 1. gr.;
2. lögmeðum stofnfundi ræktunarsambandsins;

3. aukaaðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

93

14. júlí

Samþykkt þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

94

16. júlí

fyrir Ræktunarsambandið Hvalfjörður.

1. gr.

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt þessari standa, eru: Búnaðarfélag Akraneskaupstaðar, Búnaðarfélag Innri-Akraneshrepps, Búnaðarfélag Skilmannahrepps, Búnaðarfélag Leirár- og Melahrepps og Búnaðarfélag Hvalfjarðarstrandarhrepps, í Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út stórvirkar ræktunarvélar, svo sem beltatraktora með víðeigandi verkfærum, og önnur áhöld, er henta þykir.

3. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa fimm menn, formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Kjörnir af búnaðarfélagunum á sambandssvæðinu, til þriggja ára í senn og jafnmargir til vara. Þó skal fyrsta stjórnin aðeins kosin til eins árs.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meiri hluti stjórnarnefndarmanna eru mættir.

4. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Þar skulu eiga sæti og atkvæðisrétt sem fulltrúar búnaðarfélaga þeirra, er að samþykkt standa, allir stjórnarnefndarmenn allra búnaðarfélaga á sambandssvæðinu, en opinn skal fundurinn öllum meðlimum búnaðarfélaganna. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar ræktunarsambandsins, enda kýs fundurinn tvo endurskoðendur til þriggja ára í senn og einn til vara. Að öðru leyti annast fundurinn öll venjuleg störf lögmæts aðalfundar.

5. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund —.

Stofnfjár skal aflað þannig:

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt standa, leggja fram sem óafturkræft framlag